



Útför

Athafnir tengdar andláti eiga sér djúpar rætur í búddadómi en það sem fékk Búdda til að fara frá heimili sínu og fjölskyldu var sýn hans á elli, sjúkdóma og dauða. Hægt er að lesa betur um það í kaflanum Líf Siddharta - Búdda > Sýnirnar fjórar. Þegar einhver deyr koma munkar á heimili hins látna og lesa eða kyrja texta úr helgiritum.



Í sumum löndum stendur útförin í marga daga. Musterinu eru gefnar fórnargjafir og þátttakendur syngja sútrur og leitast við að einbeita sér að góðum hugsunum sem þeir yfirfæra síðan á hinn látna. Það er trú manna að slíkt færi honum gæfu í næsta líf og færi hann nær nirvana. Líkið er loks brennt meðan munkar fara með blessunarorð. Í mörgum löndum er siður að fjölskyldan færi ákveðnum hofum árlegar fórnir til minningar um hina látnu.

Musteri er bygging þar sem fólk iðkar trú sína og siði tengda átrúnaði sínum.

Sútra er orð á sanskrít sem merkir þráður sem heldur hlutunum saman. Orðið er notað yfir skriflegar leiðbeiningar á borð við helgirit.

Nirvana er markmið hvers búddista, sem felst í því að losa sig undan áhyggjum og sársauka heimsins.

Kristni er fjölmennsti átrúnaður heims en hún spratt upp úr gyðingdóm fyrir tæplega 2000 árum.

Á Íslandi er algengt að útför fari fram á búddískan hátt áður en viðkomandi er jarðaður samkvæmt kristnum sið.

Spurningar

1. Hvað er það fyrsta sem er gert þegar einhver sem var búddatrúar deyr?
2. Hvers vegna reyna þátttakendur í útförum búddista að einbeita sér að góðum hugsunum?
3. Hvernig er algengt að útför búddistar á Íslandi fari fram?